

# AUGLÝSING

## um samning um breytingu á samningi um réttarstöðu skrifstofu ráðherraefndar Norðurlanda og stjórnarnefndar Norðurlandaráðs.

Hinn 2. maí 2005 var norska utanríkisráðuneytinu afhent staðfestingarskjal Íslands vegna samnings um breytingu á samningi um réttarstöðu skrifstofu ráðherraefndar Norðurlanda og stjórnarnefndar Norðurlandaráðs frá 13. maí 1987, sem gerður var í Ósló 29. október 2004, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 12/1989 þar sem samningurinn frá 13. maí 1987 er birtur. Samningurinn öðlaðist gildi 29. desember 2005.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 30. desember 2005.*

**Geir H. Haarde.**

*Gunnar Snorri Gunnarsson.*

### Fylgiskjal.

#### SAMNINGUR um breytingu á samningi um réttarstöðu skrifstofu ráðherraefndar Norðurlanda og stjórnarnefndar Norðurlandaráðs frá 13. maí 1987.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, sem hafa í samningi frá 5. apríl 2002 um breytingu á samkomulagi frá 12. júní 1975 um Norræna menningarsjóðinn kveðið á um að sjóðurinn sé sjálfstæður lögaðili og að skrifstofustörf sjóðsins, ásamt starfsmanna- og fjármálastjórn, séu unnin með þeim hætti sem stjórnin ákveður, sem óska að viðhalda sömu friðhelgi og sérréttindum og Norræni menningarsjóðurinn og starfsmenn hans hafa haft í samræmi við samninginn um réttarstöðu skrifstofu ráðherraefndar Norðurlanda og stjórnarnefndar Norðurlandaráðs og viðbótarsamning við samninginn, sem gera sér grein fyrir því að heitin skrifstofa stjórnarnefndar og ritari stjórnarnefndar hafa breyst, hafa orðið sammála um eftirfarandi:

#### I

Í samningnum og í viðbótarsamningnum um réttarstöðu skrifstofu ráðherraefndar Norðurlanda og stjórnarnefndar Norðurlandaráðs frá 13. maí 1987 skulu gerðar eftirfarandi breytingar:

Í heiti samningsins og í 1., 2. og 15. gr. hans og í heiti viðbótarsamningsins og í formála og 2. og 4. gr. hans skal „skrifstofa stjórnarnefndar“ breytast í „skrifstofa“.

Í formála samningsins skal „Stokkhólmur“ breytast í „Kaupmannahöfn“.

Í 2. gr. samningsins skal „ritari stjórnarnefndar“ breytast í „framkvæmdastjóri ráðsins“.

Við 1. gr. samningsins bætist ný 2. mgr.:

„Að því er varðar Norræna menningarsjóðinn og starfsmenn sjóðsins gilda 3.-14. gr. samningsins og viðbótarsamningurinn við samninginn. Norræni menningarsjóðurinn fer eftir þeim ákvæðum sem Norræna ráðherraefndin, eftir atvikum Norðurlandaráð, setur samkvæmt 3., 4., 7., 10., 13. og 14. gr. þessa samnings. Norræni menningarsjóðurinn skal eiga kost á að tjá sig fyrir-

fram um þær ákvarðanir sem teknar eru samkvæmt framangreindum ákvæðum. Norræni menningsjóðurinn ákveður sjálfur starfsreglur sínar“.

Í 12. gr. samningsins, 3. mgr., skal „5. mars 1981“ breytast í „15. júní 1992“.

## II

Aðilar geta lýst því yfir að breytingarsamningurinn skuli koma til framkvæmda til bráðabirgða fram að formlegri gildistöku gagnvart öðrum aðilum sem hafa gefið samsvarandi yfirlýsingu.

## III

Samningur þessi öðlast formlega gildi 30 dögum eftir þann dag þegar allir samningsaðilar hafa tilkynnt norska utanríkisráðuneytinu um staðfestingu sína á samningnum.

Norska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum samningsaðilum um viðtöku þessara tilkynninga og um gildistöku samningsins.

## IV

Frumtexti þessa samnings skal varðveittur í norska utanríkisráðuneytinu sem lætur öðrum samningsaðilum í té staðfest endurrit af honum.

Þessu til staðfestingar hafa neðangreindir fulltrúar, sem til þess höfðu fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Ósló hinn 29. október 2004 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku, og skulu allir textar vera jafngildir.